

# Svífðu lítla, léttla blað...

september 2016, 3. töl., 5. árg., skóladeild Akureyrar



## Trúarhátíðir muslima eru tvær; Eid Al-Fitr og Eid Al-Adha



Eid Al-Fitr er í enda föstumánaðarins ramadan, sem árið 2016 var frá 6. júní til 5. júlí. Fagnað er þegar föstunni lýkur (6. júlí þetta ár) og þá er rétti tíminn til að láta af slæmum siðum og venjum og byrja betra líf.

Nú nálgast hin síðari stórhátíð muslima, Eid Al-Adha en sú hátíð tengist pílgrímsferðum (hajj) muslima til Mekka en allir sem mögulega geta, reyna að fara í eina pílgrímsferð á lífsleiðinni ef

þeir hafa líkamlega og fjárhagslega getu til þess. Pílgrímar klæðast alltaf hvítum fatnaði, ihram, sem táknar hreinleika og jöfnuð. Þannig eru afmáð öll merki um ríkidæmi eða félagslega stöðu pílgrímanna. Klæðnaðurinn er tvískiptur, án saumfara og menn sveipa honum um sig, líkt og handklæðum og festa með belti.



Eid Al-Adha byrjar á 10. degi Dhul Hijjah, síðasta mánaðarins í muslimsku tímatali og í lok pílgrímsferðanna. Nú ber Eid Al-Adha upp á mánudaginn 12. september.

Eid Al-Adha merkir „fórnarhátíð“ eða „festival of the Sacrifice“. Fórnina má rekja til frásagnar 1. Mósebókar Biblíunnar um það þegar guð bauð Abraham (Ibrahim) að fórna Ísak (skv. muslimskri trú Ishmael) syni sínum. Abraham trúði og treysti guði og bjóst til að gera eins og hann lagði fyrir. Þegar guð hafði sannreynt trú Abrahams birtist honum engill sem afstýrði sonarfórninni og færði honum hrút til fórnar í stað sonarins.

Fyrir Eid Al-Adha kaupir hver fjölskylda lamb sem hún fórnar. Lambinu er skipt þannig að fjölskyldan fær 1/3, vinir og vandamenn 1/3 og fátækir og þurfandi 1/3.

Daginn fyrir Eid Al-Adha (Eid Al-Arafah, 11. september) fasta margir muslimar og þá halda pílgrímar síðasta spölinn frá Mina að Mount Arafat á göngu sinni.

## Aðlögun námsefnis á unglíngastigi

Það er mikilvægt fyrir erlenda nemendur að geta haldið áfram að bæta við þekkingu sína í hinum ýmsu námsgreinum. Þá ströndum við oft á erfiðum hugtökum og flóknum textabókum. Það var því verkefni sumarsins hjá mér að aðlaga bókina „**Um víða veröld**“. Í raun gerði ég útdrátt úr bókinni, setti inn fleiri myndir og gerði verkefni. Aftast er svo hugtakaskrá með mikilvægustu hugtökum námsefnisins.

Nú er verið að þýða þennan texta á arabísku og líklega á pólsku líka innan skamms.

Set tengil á þetta námsefni (sem ennþá er aðeins á íslensku) inn á netið, svo þið sjáið hvernig það er hugsað. <http://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/09/samfelagsfraedi.pdf>

Minni svo á annað aðlagað námsefni á unglíngastigi: **Lífheiminn** og **Frelsi og velferð**.

**Bestu kveðjur með von um gott og gjöfult samstarf í vetur.**

*Helga*